



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

16. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 9. september 2020 kl. 20,20 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Fundinn sátu stjórnin öll þau Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, einnig safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Rekstraráætlun Byggðasafns Árnesinga 2021. Safnstjóri lagði fram drög að rekstraráætlun safnsins fyrir árið 2021. Áætlunin verður afgreidd á næsta fundi sem verður fljótlega.
2. Aukaúthlutun Safnaráðs 2021. Safnstjóri kynnti að Safnaráð hafi úthlutað 1.500.000 kr til Byggðasafns Árnesinga til eflingar fræðslustarfsemi safnsins. Styrkinn skal nýta á þessu ári. Ragnhildur E. Sigfúsdóttir safnvörður hefur umsjón með verkefninu og til afmarkaðra verkefna vegna eflingar fræðslustarfs safnsins hafa sérfræðingar á grunnskólastigi og framhaldskólastigi verið fengnir til ráðslags.
3. Almennt um starfsemi safnsins. Safnstjóri kynnti starfsemina frá síðasta stjórnarfundum sem haldinn var í lok maí. Söfnin opnuðu fyrir almenningi 30. maí og var opið til 31. ágúst en í september er opið um helgar og eftir samkomulagi. Stefnt er að viðburðum í október og jólasýningu og skáldaupplestri í byrjun aðventu. Aðsókn Íslendinga í sumar hefur verið ágæt en að sjálfsögðu hefur mjög dregið úr komu erlendra ferðamanna vegna Covid-faraldursins. Tekjur safnsins af aðgangseyri dragast því saman um rúma eina milljón króna en jafnframt lækka gjöld vegna gæslu um svipaða upphæð. Sumarsýningin var opnuð 21. júní og jafnframt var gjöf veitt móttöku. Engir aðrir viðburðir voru á safninu vegna fjöldatakmarkana, hópar hafa ekki komið. Mikill tími starfsmanna, sérstaklega safnstjóra, fer í að sinna málum sem tengjast framkvæmdum að Búðarstíg 22. Safnvörður hefur unnið að eflingu fræðslustarfsemi og má vænta fjölmargra skólahópa í haust og fram á vor. Fastir starfsmenn safnsins og þrír lausráðnir starfsmenn hafa verið að koma gripum fyrir í hillum Búðarstígsskemmu og var geymslugámur Byggðasafns Ölfuss tæmdur í dag, eftir er að raða gripum endanlega í hillur.
4. Kaup á lyftara. Safnstjóri greindi frá vankvæðum við að koma gripum fyrir í hillum í Búðarstíg. Þörf er á rafmagnslyftara sem lyftir nægilega hátt og þunga gripi. Safninu býðst hentugur lyftari hjá Íslyft og kostar 1.445 þúsund kr. Stjórn safnsins tekur undir safnstjóra um þörfina á lyftara og samþykkir kaupin en safnstjóri og stjórnarformaður munu skoða hann áður en til kaupa kemur.
5. Gjöf til safnsins. Byggðasafni Árnesinga var í júní afhent til varðveislu fyrsta píanóið sem kom í Húsið á Eyrarbakka. Það er frá árinu 1855 og var í Húsinu til 1890. Þá gefið ungu pari sem kynntist í Húsinu og er afkomandi þeirra gefandi. Gefandinn er Halla Helgadóttir sálfræðingur. Glúmur Gylfason vakti athygli safnstjóra á þessu aldna píanói sem er sennilega fyrsta píanóið sem kom á heimili utan Reykjavíkur. Stjórn Byggðasafns Árnesinga þakkar Höllu og Glúmi fyrir að koma píanóinu á sinn forna stað.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 21.

*Árni Eiríksson*  
*Eggert Valur Guðmundsson*  
**BRYNDÍS EIR ÞORSTEINSDÓTTIR**  
*Lýður Pálsson*